

Nd. **506. Frumvarp til laga** [136. mál]
um framlengingu á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr rikissjóði á árinu 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1950, skal gilda til 1. maí 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem augljóst er, að fjárlög fyrir árið 1950 verða ekki sett fyrir næstu mánaðamót, en heimildin um bráðabirgðafjárgreiðslur gildir ekki lengur, verður ekki hjá því komið að óska eftir framlengingu heimildarinnar.